

Ársskýrsla Byggðasafns Vestfjarða fyrir árið 2021

Starfsemin.

Starfsemi Byggðasafns Vestfjarða var nokkuð óhefðbundin árið 2021 vegna þess ástands sem skapaðist af Covid-19 faraldrinum. Safnið var opið daglega frá kl. 10 -17 frá lokum maí til 31. ágúst, 11-15 í september og aðra, þriðju og fjórðu helgi jólafostu. Þetta er nokkuð styttri opnunartími yfir sumarið en var fyrir covid en nokkuð lengri en á síðasta ári. Aðgangseyrir var 1300 kr., 1050 kr. fyrir eldri borgara og hópa fleiri en 10. Frítt var fyrir börn á grunnskólaaldri. Verð til hópa á vegum Vesturferða var 900 kr.

Fastir starfsmenn voru Finney Rake! Árnadóttir safnafræðingur sem fór úr 50% í 80% stöðu á árinu, Jóna Símonía Bjarnadóttir forstöðumaður 100% og Þorsteinn Traustason sem eftirlitsmaður með húsum safnsins, lóð og bátum í 50% stöðu.

Auk þeirra voru sumarstarfsmenn Heiðrún Gréta Viktorsdóttir, Gunnar Smári Rögnvaldsson og Lydía Hrönn Kristjánsdóttir. Ralf Trylla var tímabundið um sumarið og fram til hausts vegna vinnu við endurskipulagningu á geymslu safnsins og Tryggvi Fjölmisson var í íhlaupum. Heiður Embla Elfarsdóttir var starfsmaður í Vélsmiðju Guðmundar á Þingeyri.

Gestir safnsins.

Gestir safnsins árið 2021 voru tæplega 6000, sem er mikil aukning frá síðasta ári. Að venju heimsóttu fjölmargir Neðstakaupstað en mjög mikið munaði um að fá skemmtiferðaskip þetta árið þó þau sem kæmu væru frekar fámenn. Aðgangstekjur voru 3.2 milljónir króna en gert var ráð fyrir rúmum 11 milljónum í áætlun í upphafi árs en sú áætlun lækkuð um vorið í 6 milljónir.

Tekið var á móti hópum leikskólabarna um vorið, íslenskunemum um sumarið og skóláhópum um haustið og á jólafostu.

Hagræðing og aðhaldsaðgerðir.

Áfram var reynt að draga úr kostnaði við rekstur safnsins eins og mögulegt er án þess þó að slíkt bitni á safneigninni.

Fundarhöld og ráðstefnur.

Eins og gefur að skilja var lítið um fundarhöld og ráðstefnur á árinu en Jóna Símonía sat aðalfund SÍS – samabands íslenskra sjóminjasafna sem fram fór samhliða farskóla, starfsmenn sóttu farskólann sem þetta árið var haldinn í Stykkishólmi. Starfsmenn sátu einnig vofund höfuðsafnanna sem að þessu sinni var streymt. Þá sátu starfsmenn

umræðufund „Framtíð safna á Íslandi: Eru söfn á stefnuskrá flokka?“ þar sem frambjóðendur voru spurðir um stefnu flokka í málefnum safna.

Sýningar.

Sýningunni á 1. hæð var nokkuð breytt. Sýningin um Karitas Skarphéðinsdóttur var þjappað saman og hún látin mynda samfellu inn í sýningu á þeirri breytingu sem varð á útgerð á Íslandi og hvað sú breyting hafði í för með sér fyrir landverkafólk og þá sérstaklega konur. Enn er unnið í sýningunni og stefnt er á að hún verði tilbúin sumarið 2022.

Sýningin á 2. hæð safnsins var endurskoðuð og þar er komin sýning sem lýsir heimilishaldi á 20. öld og myndar samhengi við sýninguna á 1. hæðinni en með aukningu í sjávarafla komu auknar tekjur samhliða breyttu samfélagi. Á sýningunni er áhersla á leikföng barna og verður bætt við það en sýningin var styrkt af safnasjóði.

Á 3. hæð Turnhúss er núna sýning á skipslíkönum safnsins og hamonikum úr safni Ásgeirs S. Sigurðsson. Vegna þeirra annmarka sem eru á aðgengi á efri hæðir var unnið í að bæta upplýsingaflæði til fólks á 1. hæð og mun því ljúka vorið 2022.

Safnið tók þátt í Veturnóttum með tvennum tónleikum, annarsvegar var Mugison með tónleika í safninu og hinsvegar stóð safnið fyrir tónleikum með Hljómórum.

Þá var safnbúðin endurskipulögð og nýjar vörur teknar inn í desember.

Sett var upp jólasýning í desember og safnið opið þrjár helgar. Tekið var á móti skólahópum á sýninguna auk þess sem Elfar Logi heimsótti safnið í tvígang með fræðslu um vestfirsk jól og jólasveina. Tvennir tónleikar voru haldnir á jólaföstu, annarsvegar þær Salóme Katrín Magnúsdóttir og Katla Vigdís Vernharðsdóttir og hinsvegar Hljómórar sem héldu tónleika í boði HG og Orkubús Vestfjarða.

Þá kom safnið að uppsetningu á sýningu um Húsmæðraskólann Ósk sem sett var upp í húsnæði Tónlistarskóla Ísafjarðar. Um sýninguna sá Finney Raket Arnadóttir ásamt Lydíu Hrönn Kristjánsdóttur.

Bárðarslippur.

Ekkert var unnið við slippinn á árinu frekar en í fyrra. Byggðasafn Vestfjarða hefur staðið að fjármögnun við viðgerð slippisins hingað til. Ekki tókst að afla styrkja til frekari framkvæmda. Óhjákvæmilegt er að láta þess getið að slippurinn er í eigu Ísafjarðarbæjar sem fól safninu hann til umsjónar og varðveislu árið 2007.

Aðeins um báta safnsins.

Bátar safnsins eru 15, að auki eru tveir sem eru fóstaðir fyrir Þjóðminjasafn Íslands. Vegna aðhaldsaðgerða var ákveðið að lágmarka alla vinnu við þá, þrátt fyrir að meira hafi verið gert en árið 2020. Helstu verkefni ársins voru eftirfarandi:

1. Gunnar Sigurðsson Ís 13. Báturinn var tekinn á land haustið 2018 og ekki sjósettur 2019 og 2020. Hann var sjósettur haustið 2021 til að athuga með leka og fannst leki aftarlega sem stefnt er á að gera við vorið 2022.
2. Jóhanna Ís 159. Báturinn var tekinn á land haustið 2018 og ekki sjósettur 2019. Búið var um bátinn fyrir vetrargeymslu á svæði safnsins og hann sjósettur sumarið 2020. Hann var svo málaður í sumarbyrjun þegar veður gaf og fór á flot.
3. Gestur frá Vigur. Báturinn var tekinn á land haustið 2018 og ekki sjósettur 2019. Búið var um bátinn fyrir vetrargeymslu á svæði safnsins og hann sjósettur sumarið 2020. Dytt var að honum í sumarbyrjun og hann sjósettur.
4. Eljan Ís 590. Ekki var unnið við bátinn og var hann ekki sjósettur. Hann var búinn undir vetrargeymslu á svæði safnsins en sótt verður um styrk til Minjastofnunar 2022 til að ljúka viðgerð.
5. Sædís var við bryggju fram á haustið 2018 og þá tekinn á land. Hefur ekki verið sjósett aftur.
6. María Júlía Ba 36. Lítið hefur áunnist í málefnum hennar en í júní árið 2021 var formlega stofnað Hollvinasamtök Maríu Júlíu sem hefur hug á að koma að fjármögnum og endurnýjunar MJ. Ekki er búið að ljúka formlegu samkomulagi við félagið um aðkomu þess en báturinn var færður milli hafna sumarið 2021 og er nú í höfninni við Hafnarhúsið.

Vélsmiðja G.J. Sigurðssonar á Þingeyri.

Smiðjan var opin frá júlí-ágúst en um yfirsetu sá Heiður Embla Elfarsdóttir. Illa gekk að fá starfmann en áhugi var á að fá heimann til starfans til að spara akstur sem og að nýta þekkingu heimamanna. Opið var milli 10 og 14 miðvikudaga til sunnudags með þeim möguleika að opna safnið ef beðið væri um það. Aukist hefur að ferðaþjónar nýti sér smiðjuna fyrir hópa og var opnað fyrir hópa fram eftir hausti en við það nutum við aðstoðar Kristjáns Gunnarssonar. Alls heimsóttu um 400 gestir smiðjuna á árinu.

Geymslumál

Safnið hefur sára þörf fyrir geymsluaðstöðu fyrir stærri hluti sem geymdir eru á nokkrum stöðum og einnig báta safnsins, sem teknir eru á land yfir vetrarmánuðina. Mjög brýnt er að þessi vandi verði leystur á allra næstu árum en skoða mætti þau mál í samhengi við sára vöntun Héraðsskjalasafnsins, Ljósmyndasafnsins og Listasafns Ísafjarðar fyrir geymslurými.

Nathalie Jacqueminet forvörður kom til safnsins í júlí og yfirfór geymslur og veitti ráðgjöf við forvörslu sem og frágang í geymslur. Heimsóknin var styrkt af safnasjóði. Í kjölfar heimsóknarinnar var hafist handa að rýma geymslu safnsins í smiðjunni svokallaðri. Þar reyndust ýmsir munir skemmdir en áfram verður unnið í að taka viðkvæma gripi úr geymslunni og verður þeim ýmist komið fyrir í geymslunni í Neðstakaupstað eða á lofti Sundhallarinnar til bráðabirgða. Þá var haldið áfram að vinna í endurskipulagningu á aðal geymslu safnsins í Neðstakaupstað.

Í lok árs hófst vinna við að tæma húsnæði í Hnífsdal sem safnið hefur haft til afnota fyrir muni Kvenfélagsins Ósk en á sínum tíma kom Ísafjarðarbær munum félagsins fyrir í Bakkaskjóli. Húsnæðið þykir óhentugt til geymslu slíkra muna og er stefnt að því að tæma húsnæðið í ársbyrjun 2022. Því tengt var tekin á leigu til árs geymsla í húsnæði gamla Landsbankans. Sá tími verður nýttur til yfirferðar og grisjunar munanna meðan geymslurnar í Neðstakaupstað fá yfirhalningu.

Skráning muna.

Unnið var við skráningu á árinu fyrir styrk úr safnasjóði. Um það sá Lydía Hrönn Kristjánsdóttir.

Stjórn safnsins.

Stjórn safnsins er skipuð bæjarstjóra Ísafjarðar Birgi Gunnarssyni, Jóni Páli Hreinssyni bæjarstjóra í Bolungarvík og Braga Þór Thoroddsen sveitarstjóra í Súðavíkurbreppi. Ísafjarðarbær annaðist bókhald safnsins og einnig launabókhald. Endurskoðun Vestfjarða gekk frá ársreikningi safnsins.

Tekið saman af Jónu Símoníu Bjarnadóttur forstöðumanni í janúar 2022.